

Áhrif breytilegra umhverfisþátta á útbreiðslu, fjölda, aldur og vöxt þorsklirfa umhverfis Ísland.

Jónas Páll Jónasson, Líffræðistofun Háskólans, Ástþór Gíslason,
Hafrannsóknastofnun, Björn Gunnarsson, Hafrannsóknastofnun, og Guðrún
Marteinsdóttir, Líffræðistofun Háskólans.
jonasp@hafro.is.

Hafstraumar og ástand sjávar skipta sköpum í flutningi sviðlægra fiskeggja og lirfa frá hrygningarsvæðum til heppilegra uppeldisstöðva. Þannig ræðst að miklu leiti árgangastyrkur á fyrstu æviskeiðunum. Við Ísland reka þorskegg og lirlfur frá meginhrygningarsvæðunum við suðurströndina vestur fyrir Reykjanes og norður með Vesturlandi í átt að uppeldisstöðvunum við Norðurland. Rek lirlfanna norður fyrir land er talið skipta miklu máli fyrir góða afkomu þeirra. Þannig er talið að lífslíkur lirlfanna séu bestar og þar með mestar líkur á góðri nýliðun þegar mikið lirlfurek er norður fyrir land og ástand lífríkis þar gott. Straumakerfið í kringum Ísland skiptir hér sköpun en flæði hlýja seltu- og næringarríka Atlantssjávarins norður fyrir land er mismikið milli ára. Nær landi er seltuminni strandstraumur sem berst réttisælis í kringum landið og er að mestu drifinn af affalli stóru vatnsfallanna á Suðurlandi. Á árunum 1998-2001 var farið í umfangsmiklar sýnatökur á rekleið þorsks úti fyrir Suðvestur- og Vesturlandi. Lagt var mat á útbreiðslu, fjölda, vöxt og ástand lirlfa og ungvíðis. Farnir voru þrjú leiðangrar í apríl til júní hvert ár. Fyrsti leiðangurinn var farinn við byrjun hrygningar og sá annar við hámarks klaks. Þriðji leiðangurinn var um miðjan júní, þegar lirlfurnar eru á rekleið, um 2-4 vikna gamlar. Á hverri stöð var aldur lirlfa metinn. Vöxtur, ástand og útbreiðsla lirlfa var svo skoðuð með hliðsjón af magni dýrasvifs, hitastigi og seltu sjávar.